

Starfslýsing ritara

Næsti yfirmaður: Stjórnendur

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði
- Skipulagshæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvulæsi



Ábyrgðarsvið: Ritari sér um afgreiðslu og símsvörun skólans og er þannig andlit hans. Hann heldur utan um forföll nemenda og starfsfólks, innkaup, skjalavörslu og hin ýmsu skipulagsmál.

Helstu verkefni:

- Sinnir daglegri afgreiðslu og símsvörun skólans á opnunartíma skrifstofu
- Afgreiðir hin ýmsu erindi nemenda eða vísar nemendum til þeirra aðila sem við á
- Annast móttöku erinda og gagna sem eiga við starfsfólk skólans
- Annast yfirlestur, útprentun, ljósritun og annað sem til fellur fyrir stjórnendur
- Aðstoðar kennara við ljósritun og þess háttar
- Sinnir samskiptum við pósthús
- Sér um innkaup og pantanir
- Heldur utan um ritfangabirgðir skólans
- Móttækur greiðslur og peningauppgjör fyrir ýmsa þætti skólastarfsins svo sem nemendaferðir og árshátíð
- Ber ábyrgð á nemendaskrá og forfallaskráningu nemenda í Námfús í samráði við skólastjóra
- Sér um afleysingu í frímínútnagæslu
- Mannar þau forföll sem upp koma eins og kostur er í samráði við skólastjóra og heldur utan um skráningar fyrir launafulltrúa
- Heldur utan um reikninga skólans, skráningar í mötuneyti og Regnbogaland og er tengiliður við bókara
- Heldur utan um heimasíðu skólans í samráði við skólastjóra
- Heldur utan um persónumöppur nemenda og starfsfólks
- Sinnir fundarritun á starfsmannafundum

Allir starfsmenn Grunnskólans í Stykkishólmi eru bundnir trúnaði um hvert það mál sem þeir kunna að verða áskynja í starfi, þagnareiðurinn gildir eftir starfslok. Þeim ber að taka þátt í uppeldisstarfi skólans þar sem megin áhersla er lögð á velferð og vellíðan nemenda. Þeir skulu vera viðbúinir til að veita fyrstu hjálp ef slys eða óhapp ber að höndum. Þeir skulu starfa í anda Uppeldis til ábyrgðar, eftir jafnréttisstefnu skólans, tilkynna grun um einelti eða barnaverndarmál eftir þar til gerðum leiðum og fylgja öryggisstefnu skólans varðandi persónuverndarlögin.